

# Eystrahorn

30. tbl. 38. árgangur

Fimmtudagurinn 3. september 2020

www.eystrahorn.is

## Ferðapjónustan á Suðurlandi í tölum og myndum



Út er komin greining á vegum SASS um stöðu og þróun atvinnulífs á Suðurlandi, með sérstakri áherslu á ferðapjónustuna. Í greiningunni koma m.a. fram upplýsingar um rekstrartekjur greinarinnar, fjölda starfa og hlutfall erlendra ríkisborgara í greininni – upplýsingarnar eru sundurliðaðar niður á sveitarfélög á Suðurlandi.

Um miðjan mars 2020 þegar ljóst var að COVID-19 myndi hafa mikil áhrif á samfélag og atvinnulíf á Suðurlandi, hófust Samtök sunnleuskra sveitarfélaga (SASS) handa við að greina möguleg áhrif sem COVID-19 gæti valdið. Frá þeim tíma hefur stór hluti verkefna þróunarsviðs SASS snúist um mótvegisáðgerðir og stuðning við atvinnulíf á Suðurlandi. Sérstök áhersla hefur verið lögð á ferðapjónustuna, sem hefur verið í miklum ólgusjó það sem af er ári.

Ferðapjónustan á Suðurlandi hefur um langt skeið spilað gríðarlega mikilvægt hlutverk í atvinnulífi á Suðurlandi. Vægi ferðapjónunnar hefur aukist mikið á s.l. 10 árum, mismikið eftir sveitarfélögum. Að mati SASS hefur vantað töluvert af upplýsingum til að fá skýra mynd af ferðapjónustunni á Suðurlandi og þá sérstaklega gögn sem greinanleg eru niður á sveitarfélög. Til að bregðast við því hefur SASS unnið að greiningu á atvinnulífinu á Suðurlandi sem ber heitið Hagtölur um atvinnulíf á Suðurlandi með sérstaka áherslu á ferðapjónustu. Greiningin er unnin af Hrafn Sævaldssyni, nýsköpunar- og þróunarstjóra Þekkingarseturs Vestmannaeyja, sem jafnframt er ráðgjafi á vegum SASS.

Útgangspunktur greiningarinnar er ferðapjónusta á Suðurlandi en upplýsingum er jafnframt gerð skil um atvinnulíf svæðisins í heild. Öflun gagna var unnin í nánú samstarfi við Hagstofu Íslands. Nokkrar af helstu niðurstöðum greiningarinnar eru:

- Störfum fjölgaði mikið á Suðurlandi á tímabilinu 2012 til 2019 eða um 3.491 einstaklinga í aðalstarfi. Störfum í ferðapjónustu fjölgaði um 1.937 eða 55,4% allra nýrra starfa. Íbúum fjölgaði á sama tíma um 4.834.

- Í þeim sveitarfélögum þar sem vægi ferðapjónustunnar er hvað hæst er mest fjölgun aðalstarfa á milli ára. Ferðapjónustustörfum fjölgaði sem dæmi um 634% á milli ára 2009 – 2019 í Mýrdalshreppi. Árið 2019 var rúmlega helmingur aðalstarfa í Mýrdalshreppi í ferðapjónustu eða 52,3%. Árið 2009 var hlutfallið þar 15,3%. Næst hæst, árið 2019, var hlutfallið í Skaftárhreppi, 51,1%. Lægst, árið 2019, var hlutfallið í Ölfusi, 10,3%.
- Tæplega 100 ma.kr. voru greiddar í heildarlaun á Suðurlandi árið 2019. Meðallaunin voru 498 þús. á mánuði. Launþegar á skrá voru 22 þús. einstaklingar. Hæst meðallaun voru í Vestmannaeyjum eða 562 þús. á mánuði.
- Heildarlaun í ferðapjónustu voru tæpar 16 ma.kr. eða tæplega 16% heildarlauna á Suðurlandi. Meðallaun í ferðapjónustu á Suðurlandi voru 423 þús. á mánuði árið 2019 eða um 15% lægri en meðallaun almennt á Suðurlandi á sama tíma. Hæst meðallaun í ferðapjónustu voru í Vestmannaeyjum eða 513 þús. á mánuði.
- Ferðapjónustan skapar 18,8% starfa á Suðurlandi og 16% launa.
- Ársverk í ferðapjónustu voru 3.124 á árinu 2019. Þar af voru erlendir ríkisborgarar 1.517 (48,6%) og íslenskir ríkisborgarar 1.607 (51,4%). Hlutfall erlendra ríkisborgara af öllu atvinnulífinu á Suðurlandi er 21,4%.
- Hlutfall rekstrartekna í ferðapjónustu af heildar rekstrartekjum allra atvinnugreina á Suðurlandi á árinu 2018 var 17% á Suðurlandi. Hæst var hlutfallið í Mýrdalshreppi, 78,7% og þar á eftir í Skaftárhreppi, 55,1%. Lægst var hlutfallið í Vestmannaeyjum, 3,9%.
- Um 13% fyrirtækja á Suðurlandi starfa í ferðapjónustu.
- 41% ársverka erlendra ríkisborgara á Suðurlandi voru í ferðapjónustu.

Í maí s.l. skilaði Byggingastofnun minnisblaði um áhrif hruns ferðapjónustu vegna COVID19 á sveitarfélögin á Íslandi. Niu sveitarfélög voru þar sérstaklega tiltekin og voru fimm þeirra á Suðurlandi; Sveitarfélagið Hornafjörður, Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra og Bláskógabyggð. Samráðsteymi sveitarfélaga vegna efnahagsáhrifa COVID-19 var sett á fót sem lagði fram tillögur að aðgerðum. Þegar hafði starfshópur starfað með sveitarfélögum á Suðurnesjum. Í framhaldi kynnti Sigurður Ingi



Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skiptingu 150 milljóna króna fjárveitingar til sex sveitarfélaga. Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur og Skútustaðahreppur fá hvert um sig úthlutað 32 m.kr. en Bláskógabyggð, Rangárþing eystra og Sveitarfélagið Hornafjörður fá hvert um sig 18 m.kr. Gögn úr greiningunni voru m.a. lagðar til grundvallar í vinnu samráðsteymisins.

SASS hefur þegar lagt til 65 mkr. í aðgerðir til aðstoðar ferðapjónustunni á Suðurlandi. Fjármunirnir eru hluti af Sóknaráætlun Suðurlands og voru tilkominir vegna aukafjárveitingar og vegna endurákvörðunar SASS á ráðstöfun fjármuna til verkefna á árinu 2020. Hafa m.a. verið veittir beinir verkefnastyrkir til 96 ferðapjónustufyrirtækja á Suðurlandi, unnið að markaðsátaki fyrir Suðurland í heild sinni og unnið að fræðsluverkefnum með ferðapjónustufyrirtækjum.

SASS hefur á undanförunum árum lagt mikla áherslu á að hafa tiltæk gögn sem geta gefið greinargöða mynd af þróun og stöðu samfélags og atvinnulífs á Suðurlandi. Stefnir er að því að upplýsingar sem þessar verði í náinni framtíð birtar með reglubundnum og gagnvirkum hætti. Nálsgat má greininguna á heimasíðu SASS; [www.sass.is](http://www.sass.is).

Nánari upplýsingar veita; Þóroddur Freyr Sigurðsson, sviðsstjóri þróunarsviðs SASS ([thordur@sass.is](mailto:thordur@sass.is))

Hrafn Sævaldsson, nýsköpunar- og þróunarstjóri Þekkingarseturs Vestmannaeyja ([hrafn@setur.is](mailto:hrafn@setur.is))

### Sofðu vel heilsunnar vegna

Úrval af rúmum og dýnum, sama verð og í Reykjavík.  
Frír flutningur um óákveðinn tíma.  
Úrval af fallegum og nýtsamlegum gjafavörum  
Verið velkomin

Opið frá kl. 13-18 virka daga  
478-2535 / 898-3664

Húsgagnaval  
Húsgögn og gjafavörur

Hlífðardýnur og lök  
í öllum stærðum

Svefn & heilsa  
★★★★★



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



## Einhverfuráðgjöf á Hornafirði

Daganna 10. og 11. september verður Laufey Gunnarsdóttir einhverfuráðgjafi með fræðslu og einstaklingsviðtöl á Hornafirði.

Opið fræðsluerindi fyrir fjölskyldur barna með einhverfu verður haldið í Sindrabæ **fimmtudaginn 10. september kl. 19:00**, vegna fjöldatakmarkana er fólk beðið um að senda póst á [hildur@hornafjordur.is](mailto:hildur@hornafjordur.is) til að skrá þátttöku. Laufey mun einnig bjóða upp á einstaklingsviðtöl og hægt er að bóka tíma með því að senda póst á [laufeyg@gmail.com](mailto:laufeyg@gmail.com). Fræðslan og einstaklingsviðtölin eru fólki að kostnaðarlausu.

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

## Herbergi til leigu

Langtíma leiga frá 1- 9 mánuði. Net, rafmagn og hiti innifalið.

Verð 47.000 kr. á mánuði.

Upplýsingar veitir Guðmundur Borgar í síma 661-1479 eða á [hvammur3@simnet.is](mailto:hvammur3@simnet.is)

## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIRÐINGA

Kæru félagar

Við biðum aðeins með vetrarstarfið. Sýnum þrautsegju. Höldum sóttvörnum áfram. Þetta er í okkar höndum.  
**Munum tveggja metra regluna, handþvott og sprittun.**



Formaður



**Frumherji**  
Bifreiðaskoðun á Höfn

**14., 15. og 16. september.**

Tímamantani í síma 570-9090 fyrir kl. 16:00 föstudaginn 11. september. Næsta skoðun 12., 13., og 14. október.

**Frumherji**

*Þegar vel er skoðað*

## Íþróttastarf Sindra í vetur

Ungmennafélagið Sindri mun bjóða upp á öflugt íþróttalíf í vetur og ættu flestir krakkar að finna eitthvað við sitt hæfi.

Flestar greinar hefja vetrarstarfsemi sína mánudaginn 31. ágúst og er í boði fyrir alla krakka að prófa allar íþróttir fyrstu tvær vikurnar. Við viljum minna á að hægt er að nota Fristundakortid frá sveitarfélaginu sem er 50.000 kr. til að greiða æfingagjöldin.

Við viljum minna foreldra á að skrá iðkendur í gegnum Nora kerfið <http://umfsindri.is/skraningar/> til að geta nýtt fristundakortid. Það er ekki hægt að nýta kortid nema foreldrar skrái iðkendur í gegnum Nora kerfið á heimasíðu Sindra.

Ef þeir hafa ekki skráð iðkendur fyrir 1. október er deildum

heimilt að senda greiðsluseðil með 10% álagi. Ef greiðsluseðil hefur verið sendur út er ekki hægt að nýta fristundastyrkinn, þannig að við hvetjum foreldra til þess að skrá börnin sín strax í gegnum Nora kerfið þar sem það er hagstæðasti kosturinn. Knattspyrnudeild er að klára sumartímabilið hjá sér og því verður send út vetrarataflan fyrir þá síðar. Frjálsíþróttadeild og Rafíþróttadeild mun hefja starfsemi síðar og verður það auglýst sérstaklega.

Með von um ánægjulegt samstarf í vetur.



### Íþróttahús Heppuskóli

15.8.2020

Tími	Mánudagur	Tími	Þriðjudagur	Tími	Miðvikudagur	Tími	Fimmtudagur	Tími	Föstudagur
07:00	Karfa mfl. Ka.	07:00		07:00	Karfa mfl. Ka.	07:00		07:00	Karfa mfl. Ka.
08:10	//////////	08:10	//////////	08:10	//////////	08:10	//////////	08:10	//////////
10:30		09:00		11:50	//////////	11:10	//////////	09:30	//////////
11:50	Karfa Old boys	11:20	Karfa mfl. Ka.	13:00	//////////	12:00	//////////	11:50	Karfa Old boys
13:40	//////////	13:40	//////////	13:40	Karfa 1-2. bekkur	14:00		13:00	//////////
14:20	Karfa 1-2. bekkur	14:20	Karfa 6-7 bekkur	14:20	Karfa 3-5 bekkur	14:20	Blak 1-3 b. / Karfa 6-7 b.	14:20	Fiml. 3-4 bekkur kk
15:10	Karfa 3-5 bekkur	15:10	Karfa 8-10 bekkur	15:10	Karfa 6-7 bekkur	15:10	Blak 4-6 bekkur	15:40	Fiml. 3b kvk-3-5 b kk
16:00	Blak 1-3 bekkur	16:00	Frjálsar brektími	16:00	Karfa 8-10 bekkur	16:00	Blak 7-10 bekkur	17:10	Fiml. 6-7 b kvk / 6 b kk+
16:40	Blak 4-6 bekkur	16:50	Karfa mfl. Ka.	16:50	Karfa mfl. Kv.	17:10	Karfa mfl. Ka.	18:00	Fiml. 6-7 b kvk / 6 b kk+
17:50	Blak 7-10 bekkur	17:40	Karfa mfl. Ka.	17:40	Fiml. 9 bekk kvk & 8 bekk kk	17:50	Karfa mfl. Ka.	18:50	Karfa 8-10 bekkur
19:10	Karfa 8-10 bekkur	18:30	Blak mfl. Kv.	18:30	Fiml. 9 bekk kvk & 8 bekk kk	18:30	Blak mfl. Ka.	19:50	Karfa mfl. Ka.
20:00	Karfa mfl. Ka.	19:10	Blak mfl. Kv.	19:20	Karfa mfl. Ka.	19:20	Blak mfl. Ka.	20:40	Karfa mfl. Ka.
20:20	Karfa mfl. Ka.	20:10	Blak mfl. Ka.	20:10	Karfa mfl. Ka.	20:00	Blak mfl. Kv.	21:00	Karfa mfl. Ka.
21:00	Karfa mfl. Ka.	20:40	Blak mfl. Ka.	21:00	Karfa mfl. Ka.	21:00	Blak mfl. Kv.	21:30	Karfa mfl. Ka.
21:50	Lokað	21:50	Lokað	21:50	Lokað	21:50	Lokað	21:50	Lokað

### Mánagarður

Tími	Mánudagur	Tími	Þriðjudagur	Tími	Miðvikudagur	Tími	Fimmtudagur	Tími	Föstudagur
14:25	RÚTUR	14:25	RÚTUR	14:25	RÚTUR	14:25	RÚTUR	14:25	RÚTUR
14:40	Fiml. 6-8b kvk & 5-7b kk	14:40	Fiml. 1-2 bekkur kk & kvk	14:40	Fiml. 6-7b kvk & 5-7b kk	14:40	Fiml. 3-4b kvk & 3-5b kvk	14:40	Fiml. 1-2 bekkur kk & kvk
16:20	RÚTUR	15:45	RÚTUR	16:30	Leikskólaþiml.	16:40	Fiml. 3-4b kvk & 3-5b kvk		
16:30	Fiml. 9b+ kvk & 8b+ kvk	16:00	Fiml. 3-4b kvk & 3-5b kvk			16:10	RÚTUR		
		18:00	16+ Fimleikar fyrir alla			16:20	Fiml. 9b+ kvk & 8b+ kvk		

### Sundlaug Hafnar

Tími	Mánudagur	Tími	Þriðjudagur	Tími	Miðvikudagur	Tími	Fimmtudagur	Tími	Föstudagur
13:20	Sund 1-2 bekkur			14:30	Sund 1-2 bekkur				
15:10	Sund 8-10 bekkur +	15:10	Sund 8-10 bekkur +	16:00	Sund 3-6 bekkur			15:30	Sund 3-6 bekkur
				16:00	Sund 8-10 bekkur +			15:30	Sund 8-10 bekkur +

## Af úrgangsmálum



Hér má sjá plasmengaða mold sem var losuð við Hrossabithaga

Að gefnu tilefni vill starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar minna íbúa á að ekki er heimilt að nýta bæjarlandið til þess að losna við úrgang. Töluvert ber á því að múr og steypubrot, full af plasti og járni, séu losuð í Fjárhúsavík. Ekki er heimild fyrir því! Íbúar hafa leyfi til að losa sig við hreinan garðúrgang í Fjárhúsavík en ekkert annað. Sé umgengnin ekki til fyrirmyndar er ekkert annað í stöðuni en að takmarka aðgengi að svæðinu.

Nýjasta tilfellið af leyfislausum úrgangi í bæjarlandinu var í síðustu viku þegar íbúi sturtaði plasmengaðri mold við Hrossabithaga. Við biðlum til íbúa að bera ábyrgð á sínum úrgangi og finna honum rétt farveg.

Anna Ragnarsdóttir Pedersen  
Umhverfisfulltrúi

## Hljómsveitin Ómland gefur út sitt fyrsta lag



Söngkonurnar Þórdís og Rósa Björg. Mynd: Gunnlöð Jóna

Þórdísi Imsland þarf ekki að kynna fyrir Hornfirðingum en hún er fædd og uppalin á Höfn og hún tók þátt í hæfileikakeppninni The Voice Ísland með góðum árangri. Þórdís er nú hluti af hljómsveitinni Ómland, en ásamt henni eru Rósa Björg Ómarsdóttir og Helgi Reynir Jónsson en þau kynntust öll við gerð The Voice Ísland og hafa verið vinir og samstarfsfélagar síðan þá.

Hljómsveitin er að fara að gefa út sitt fyrsta lag, "Geymi mínar nætur" föstudaginn 4. september og kemur myndbandið út nokkrum dögum seinna. Ómland er indie/folk hljómsveit og semur lög sín á íslensku og er nú komið að útgáfu fyrsta lags þeirra. Hljómsveitin varð til þegar söngkonurnar Þórdís og Rósa Björg enduðu saman í sóttkví snemma á þessu ári. Til að stytta sér stundir fóru þær að semja lög saman og um leið og þær sluppu úr sóttkví fengu þær tónlistarmanninn og pródúscentinn Helga Reyni til liðs við sig.

Síðustu mánuðir hafa farið í upptökur og vinnu á áframhaldandi samstarfi.

Stefnt er á útgáfu EP plötu þeirra snemma árs 2021.

**HEYRN**

HEYRNARÞJÓNUSTA

Verðum á heilsugæslunni  
á Höfn í Hornafirði  
**föstudaginn 11. september**

Verið velkomin



**ReSound**  
rediscover hearing

**Heyrðu umskiptin**  
**Fáðu heyrnartæki til reynslu**



**Góð heyrn glæðir samskipti**

**Tímapantanir 534 9600**

Heyrn - Hlíðarsmára 19  
201 Kópavogi - [www.heyrn.is](http://www.heyrn.is)

**gímaldin og Haffi í austurvegi**



Rímur, vikivakar,  
ástarsöngvar og elekktró

Nýtt efni og eldra

á Hafinu 10. september  
klukkan 21.00

Aðgangur 3000

Enginn posi

# FRÁBÆR HELGARTILBOÐ Í NETTÓ!

-50%

Úrbeinaður grísabógur  
í kryddsmjöri

**1.150** KR/KG  
ÁÐUR: 2.299 KR/KG



-40%



-41%

Kalkúnasneiðar

**1.793** KR/KG  
ÁÐUR: 3.039 KR/KG



Kalkúnabringur  
Erlendar

**1.559** KR/KG  
ÁÐUR: 2.599 KR/KG

-40%



Lambalærissneiðar  
Kryddaðar

**1.739** KR/KG  
ÁÐUR: 2.899 KR/KG



-36%

Ýsubitar  
Skinney

**1.196** KR/KG  
ÁÐUR: 1.869 KR/KG



## ALLTAF GÓÐUR!



Hamborgarhryggur

**999** KR/KG  
ÁÐUR: 1.784 KR/KG

-44%

## VÍTAMÍNDAGAR

25% afsláttur af Now, Bio Kult  
og Gula miðanum

-25%



-50%



Croissant

Með skinku og osti

**150** KR/STK  
ÁÐUR: 299 KR/STK

Bökunarkartöflur


**135** KR/KG  
ÁÐUR: 269 KR/KG

-50%



# nettó

Lægra verð - léttari innkaup



## VERSLAÐU Á NETINU www.netto.is

Tilboðin gilda 3.–6. september

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.  
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.  
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.